



Öll vötn til Dýrafjarðar

Skilaboð íbúapings á Þingeyri, mars 2018

EFNISYFIRLIT

Samantekt	1	6.3 Sýningarrými fyrir listamenn; heimamenn og gesti.....	15
1. Inngangur	3	7. Fyrir komandi kynslóðir	16
2. Forgangsröðun	4	7.1 Samfélag.....	16
3. Samgöngur	5	7.2 Efnahagur.....	16
3.1 Samgöngumál og fjarskipti.....	5	7.3 Umhverfismál.....	17
3.2 Flugþjónusta á Þingeyri.....	5	7.4 Framtíðarsýn árið 2038 (eftir 20 ár).....	18
3.4 Umferðarmál.....	6	8. Ferðapjónusta og saga	19
4. Atvinnumál	7	8.1 Ferðapjónusta – ýmsar hugmyndir.....	19
4.1 Atvinnumál: Fiskveiðar, fiskverkun og fiskeldi.....	7	8.2 Víkingaferðapjónusta.....	20
4.2 Fjölbreyttara atvinnulíf.....	7	8.3 Kennileiti.....	20
4.3 Staðsetning og samgöngur.....	8	8.4 Söfn og menningartengd ferðamennska.....	21
4.4 Markaðssetning: markaðsmál, matur úr héraði.....	8	9. Húsnæðismál	22
5. Fólkið og fjölskyldurnar	9	10. Samband við stjórnsýsluna	23
5.1 Fjárfest í fólki.....	9	10.1 Staðbundin stjórnun.....	23
5.2 Fleiri fjölskyldur á Þingeyri.....	10	10.2 Bæjarmálin.....	23
5.3 Fjölbreytni og möguleikar fyrir ungt fólk og börn.....	11	11. Sameiginleg framtíðarsýn– 2028	24
5.4 Þjónusta fyrir íbúa.....	12	12. Að lokum	27
6. Lífið eftir vinnu	13		
6.1 Íþróttir og útivist.....	13		
6.2 Afþreying – Þorpið okkar.....	14		



Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu á Þingeyri og þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina, eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og vel heppnað þing.

Helgina 10. – 11. mars 2018, var haldið íbúáþing á Þingeyri, við upphaf byggðapróunarverkefnis sem hlaut á þinginu nafnið „Öll vötn til Dýrafjarðar“.

Íbúáþingið var haldið í félagsheimilinu á Þingeyri. Kvenfélagið Von hafði umsjón með veitingum, sem voru í boði Byggðastofnunar.

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við verkefnisstjórn. Ljósmyndir eru frá ILDI og Byggðastofnun.

Eftirtalin skipa verkefnisstjórn, sem mun starfa meðan verkefnið stendur, í allt að fjögur ár.

Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.

Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa.

Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun.

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Vestfjarðastofu.

Wouter Van Hoeymissen, fulltrúi íbúa.



SAMANTEKT

Ef samgöngur eru góðar, atvinnulífið öflugt og íbúar kraftmiklir, er samfélaginu á Þingeyri og við Dýrafjörð allir vegir færir. Þetta eru niðurstöður tveggja daga íbúðarþings sem haldið var í Félagsheimilinu á Þingeyri, helgina 10. – 11. mars, 2018. Um sextíu manns tóku þátt í þinginu, sem hófst með því að sýnt var skemmtilegt myndband um Þingeyri, unnið af nemendum á miðstigi grunnskólans. Einnig komu nemendur tónlistarskólans fram, við góðar undirtektir.

Á allra næstu árum munu skapast ný tækifæri með opnun Dýrafjarðarganga og tilkomu ljósleiðara og spurning er hvernig íbúar vilja nýta möguleikana.

Samkvæmt umræðum á íbúðarþinginu skiptir máli að byggja á því sem þegar er til staðar og orðið er rótgróið í samfélaginu en jafnframt að leita nýrra leiða og sýna framsækni til að leiða Þingeyri og byggðina við Dýrafjörð inn í framtíðina.

Fram kom að fiskverkun sé í dag undirstöðuatvinnugrein á Þingeyri og að renna þurfi styrkari stoðum undir hana, auk þess sem horft er til fiskeldis. Nýta á sóknarfæri í ferðaþjónustu og byggja þar m.a. á víkingaferðaþjónustu. Samhliða þurfi að auka aðra nýsköpun og skapa umhverfi fyrir frumkvöðla og minni fyrirtæki og þar bera íbúar miklar væntingar til Blábankans.

Fjárfesta þarf í fólki og skapa enn betri skilyrði fyrir ungar fjölskyldur, t.d. með sveigjanleika í leikskóladvöl og auknu tómstundastarfi.

Þó nú styttist í hin langþráðu Dýrafjarðargöng, þarf jafnframt að bæta vetrarþjónustu, marka stefnu um Þingeyrarflugvöll og huga að umferðarmálum í þorpinu og næsta nágrenni. Lagning ljósleiðara er í farvegi og æskilegt að hann verði kominn fyrir árið 2020.

Styrkja þarf samvinnuna milli íbúa við Dýrafjörð og stjórnsýslunnar á Ísafirði og þar lofaði samtalið á íbúðarþinginu góðu.


Gengið er út frá því að áfram verði hátt hlutfall skammtímaíbúa, sem margir vildu líta á sem styrkleika og m.a. kanna hvort eigendur frístundahúsa væru tilbúnir að bjóða þau til leigu yfir afmarkaðan tíma.

Á þinginu var rætt um umhverfismál og stefnu til framtíðar, með áherslu á sjálfbærni og fram kom mikill metnaður fyrir fallettri ásýnd og snyrtimennsku. Auðlegð í sögu Dýrafjarðar var kortlögð og einnig var varpað fram hugmyndum um söfn, markaðssetningu á afurðum úr héraði og rými fyrir listagallerí, fyrir dýrfirski listamenn og gesti.

Íbúðarþingið markar upphaf að verkefni Byggðastofnunar, Brothættum byggðum, á Þingeyri í samstarfi við heimamenn, Ísafjarðarbæ og Vestfjarðastofu og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila.

Þessi samantekt um skilaboð þingsins, mun ásamt stöðugreiningu verða efniviður fyrir verkefnisáætlun, með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðaþróunarverkefni sem staðið getur í allt að fjögur ár. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri munu leiða verkefnið, en þáttur íbúa er ekki síður mikilvægur. Haldnir verða reglulegir íbúafundir og þau verkefni sem drifin verða áfram af frumkvöðlum heima fyrir, eru líklegust til að verða að veruleika.

Á næstu árum munu opnast margvísleg tækifæri þegar Þingeyri verður miðsvæðis á Vestfjörðum og getur byggðaþróunarverkefnið verið farvegur fyrir þá sókn, enda var því á þinginu gefið heitið „Öll vötn til Dýrafjarðar“.



1. INNGANGUR

Helgina 10. – 11. mars, 2018 var haldið íbúaping á Þingeyri, í kjölfar ákvörðunar stjórnar Byggðastofnunar um að verkefni stofnunarinnar, „Brothættar byggðir“, gæti hentað til að vinna að eflingu byggðar við Dýrafjörð. Er þetta tíunda samfélagið sem tekið er inn í verkefnið.

Þar með hófst byggðapróunarverkefni, sem á þinginu hlaut nafnið „Öll vötn til Dýrafjarðar“. Byggðastofnun stendur að verkefninu, í samstarfi við íbúa, Ísafjarðarbæ og Vestfjarðastofu. Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila, leiðir verkefnið.

Meginmarkmiðið, samkvæmt verkefnislýsingu Byggðastofnunar, „...er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“¹

Skilaboð íbúapings, ásamt stöðugreiningu, eru efniviður fyrir framtíðarsýn og verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri fylgja málum eftir, með virkri þátttöku íbúa.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space². Þátttakendur stungu upp á umræðuefnum, leiddu umræðuhópa og slógu gögn í tölvu og byggir samantekin á þeim. Kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum. Einnig er greint frá afrakstri ferðalags inn í framtíðina, þar sem þátttakendur horfðu til ársins 2028.

Vel var mætt til þingsins, báða dagana. Eftir að Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar hafði sett þingið, voru sýnd myndbönd sem nemendur á miðstigi (4. – 7. bekkur) unnu. Þau spurðu íbúa í þorpinu hvað væri gott við að búa á Þingeyri og þeim fannst einnig mikilvægt að það kæmi fram hvað þyrfti að laga svo að fólk yrði enn ánægðara.

Í hádegi á laugardegnum fluttu þrír nemendur Tónlistarskóla Ísafjarðar, á Þingeyri, nokkur lög við góðar undirtektir. Þetta voru þær Auðbjörg Erna Ómarsdóttir, Bríet Vagna Birgisdóttir og Gréta Proppé og með þeim var kennari þeirra, Jón Gunnar Biering Margeirsson.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með íbúapinginu, en hún hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.



¹https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislýsing-brothaetta-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf, kafli 2.1, bls. 8.

² <http://www.openspaceworld.org/>

2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar á Þingeyri. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útdeila á málaflokka eftir eigin mati.

Úrbætur í samgöngumálum og fjarskiptum skipta miklu máli fyrir byggð á Þingeyri og hlaut það málefni flesta punkta. Atvinnumál, með áherslu á fiskveiðar, fiskverkun og fiskeldi koma þar næst á eftir en síðan „Fjölbreyttara atvinnulíf“. Ef þau tvö málefni eru tekin saman, eru það í raun atvinnumál sem vega lang þyngst í forgangsröðun íbúa á Þingeyri. Vert er að skoða þetta í því ljósi að framkvæmdir eru hafnar við hin langþráðu Dýrafjarðargöng.

Aðrir mikilvægir málaflokkar, sem vega þungt og tengjast nokkuð, eru „Fjárfest í fólki“ og „Fleiri fjölskyldur á Þingeyri“. Þrjú málefni, sem eru ofarlega í forgangsröðun, fjalla um möguleika til spennandi lífs eftir vinnu, sérstaklega með ungt fólk í huga. Þetta voru „Fjölbreytni og möguleikar fyrir ungt fólk og börn“, „Íþróttir og útivist“ og „Afþreying – þorpið okkar“. Þessu tengt var einnig hugmynd um sýningarrými fyrir listamenn.


Horft var til lengri tíma í hópi sem ræddi um „Langtímastefnu og sjálfbærni“ og þar var skörun við umræðu um „Umhverfismál“. Ýmsar hugmyndir um ferðaþjónustu og miðlun sögunnar, voru viðraðar í hópum sem ræddu annars vegar um ferðaþjónustu, kennileiti og víkingaferðaþjónustu og hins vegar um söfn og menningartengda ferðaþjónustu.

Rætt var um málefni er varða tengsl samfélagsins á Þingeyri við Ísafjarðarbæ í tveimur hópum, „Staðbundin stjórnun“ og „Bæjarmálin“.

Þau þrjú málefni sem fá minnst vægi í forgangsröðun, „Flugþjónusta á Þingeyri“, „Umferðarmál“ og „Sýningarrými fyrir listamenn“, eru í raun hluti af viðameiri málefnum, þ.e. samgöngum og lífinu eftir vinnu. Hafa ber í huga

varðandi forgangsröðunina að eðlilega hljóta málaflokkar meira vægi en einstök verkefni, en þau geta engu að síður skipt miklu máli í framhaldinu.

Í köflunum hér á eftir, er fjallað nánar um þau atriði sem sjá má á myndinni.



3. SAMGÖNGUR

Samgöngumál og fjarskipti var það einstaka mál sem varð efst í forgangsröðun þátttakenda á íbúapönginu. Rætt var um samgöngur í þremur hópum og eru niðurstöður þeirra dregnar saman hér. Þetta voru „Samgöngumál og fjarskipti“, „Flugþjónusta á Þingeyri“ og „Umferðarmál“.

3.1 SAMGÖNGUMÁL OG FJARSKIPTI

Samgöngur að vetrarlagi voru fólki efst í huga og var kallað eftir því að lengja þann tíma sem boðið er upp á vetrarþjónustu á vegum. Varðandi almenningsamgöngur vildu þátttakendur að boðið væri upp á tíðari ferðir, þegar þörf krefur.

Rætt var um að hraða þurfi undirbúningi á vegi yfir Dynjandisheiði og leggja áherslu á tvíbreiðar brýr. Einnig var stungið upp á að komið verði upp rafrænum viðvörunarskiltum fyrir Hrafnseyrar-/Dynjandisheiði, ekki síst vegna umferðar ferðamanna.

Varðandi stöðu fjarskiptamála kom fram að þau eru í raun í góðum farvegi. Þó er kallað eftir ljósleiðara í hvert hús í þorpinu og í sveitinni, fyrir árið 2020. Óskin um ljósleiðara í dreifbýlinu samrýmist reyndar markmiðum stjórnvalda. Með ljósleiðara skapist tvöfalt öryggi, sögðu þátttakendur. Farsímasamband er gott, en bæta þyrfti útvarpsamband á svæðinu.

3.2 FLUGÞJÓNUSTA Á ÞINGEYRI

Kallað var eftir að eytt verði þeirri óvissu sem ríkir um framtíð Þingeyrarflugvallar. Flugvöllurinn hefur verið varaflugvöllur fyrir Ísafjörð, en þrátt fyrir miklar endurbætur árið 2006, hefur völluminn verið ónothæfur í nokkur ár.

Æskilegt væri, að mati þátttakenda að koma flugvellinum í nothæft ástand allt árið. Jafnframt þurfi að tryggja rekstur veðurstöðva.

Einnig var rætt um aðra staðsetningu flugvallar og stungið upp á að „taka upp og endurrannsaka flugvallaraðstæður á Sveinseyri m.a. veðurfarsrannsóknir“.

Bent var á að Þingeyri er miðsvæðis á Vestfjörðum og sú staða styrkist enn frekar með tilkomu Dýrafjarðarganga.

Næstu skref

- Fá ákveðið svar um framtíð flugvallarins.

„Taka ákvörðun um framtíð Þingeyrarflugvallar, á að lagfæra hann eða ekki?“



3.4 UMFERÐARMÁL

Hér var margt rætt varðandi umferð innan Þingeyrar og víðar. Lagt var til að stofnleiðir í gegnum þéttbýlið verði malbikaðar. Dregið verði úr umferðarhraða innanbæjar og var stungið upp á 30 km. hámarkshraða. Spurt var: „þarf blikkandi skilti? Hringtorg?“.

Einnig var rætt um umferðarmál og ferðamenn og þá sérstaklega veginn fyrir nes / Svalvogaveg. Þátttakendur töldu æskilegt að sú leið færi inn á fastar fjárveitingar. Einnig var spurt hvort hægt væri að opna veginn fyrr og gera að heilsársvegi. Markaðssetning gæti verið víðtæk, „bílar, hjól, gangandi, hestar“. Þá var rætt um ferðaþjónustu út frá auglýstum ferðum og útgáfu bæklings eða uppsetningar vefsíðu.

Loks kom þetta fram um öryggismál á veginum fyrir nes:

- Varasamur vegur. Betri upplýsingar.
 - 4x4.
 - Grjóthrun.
 - Flóð / fjara.

Næstu skref

- Upplýsingaskilti fyrir lokanir á heiðum. Hrafnseyrar- / Dynjandisheiði. Samningur við Vegagerðina.
- Umferðarhraði inn í þorpið. Vegagerðin.
- Umgjörð um / uppbyggingu ferðaþjónustu fyrir Svalvogaveg (fyrir nes). Markaðsstofa, íbúaráð, ferðaþjónusta.

4. ATVINNUMÁL

Í þessum kafla er sagt frá umræðum í þremur hópum sem fjölluðu um atvinnumál. Einn hópur tók fyrir fiskveiðar, fiskverkun og fiskeldi, annar ræddi um fjölbreyttara atvinnulíf og sá þriðji um markaðssetningu; markaðsmál og mat úr héraði. Einnig var rætt um ferðapjónustu og eru þeirri umræðu gerð skil í 8. kafla hér á eftir.

4.1 ATVINNUMÁL: FISKVEIÐAR, FISKVERKUN OG FISKELDI

Nokkrar umræður urðu um breytingar á strandveiðikerfinu og stungið upp á að leyfa veiðar í 4–5 daga í viku, á tímabilinu frá 1. maí - 31. ágúst. Heimilt yrði að veiða 750 kg. á dag. Einnig var lagt til að sameiginlegur pottur yrði lagður af og kerfið opið fyrir nýliðun.

Byggðakvóti var fólki einnig ofarlega í huga og taldi hópurinn að hann ætti að vera bundinn við Þingeyri og „skilyrðislaust unninn á staðnum“. Jafnframt að festa ætti 1000 tonn á ársgrundvelli á hvert sjávarþorp / útgerðarstað / brothætta byggð.

Fram kom að fiskverkun er undirstöðuatvinnugrein á Þingeyri í dag og sáu þátttakendur ýmis tækifæri til að efla hana enn frekar. Mælt var með að vinna afurðir sem mest í heimabyggð. Með auknum afla, t.d. vegna strandveiða, myndu skapast aukin atvinnutækifæri í vinnslu.

Áhugi er á eflingu / aukningu í fiskeldi á Þingeyri og sáu þátttakendur ýmsa möguleika í tengslum við það, s.s. slátrun og fullvinnslu.

4.2 FJÖLBREYTTARA ATVINNULÍF

Hópur sem ræddi um aukna fjölbreytni í atvinnulífi, horfði vítt yfir sviðið og velti fyrir sér nýjum tækifærum.

Rætt var um hvort auka mætti fjölbreytni í þeim atvinnurekstri sem þegar er til staðar.

Eftirfarandi breytingar á ytri skilyrðum, gætu eftl nýsköpun, að mati hópsins:

- Skattaávilnanir fyrir ný fyrirtæki.
- Sveigjanlegri og léttari reglur.
- Minni kostnaður við lítil fyrirtæki s.s. bókhaldskostnaður.

Stungið var upp á að bjóða ókeypis bókhaldskostnað fyrir einyrkja / minni fyrirtæki. Þetta væri hluti af því að laða að fyrirtæki og gefa skilaboð um stuðning við fyrirtæki. Í þessu sambandi og varðandi nýsköpun almennt var horft mjög til Blábankans.

Kallað var eftir meiri samfélagsábyrgð fyrirtækja, með það að markmiði að auka stöðugleika og að fyrirtæki skilji meira eftir í heimabyggð. Því tengt, var umræða um meiri hlutdeild heimamanna í rekstri fyrirtækja.

Viðhorf samfélagsins sjálfs skiptir máli, að mati þátttakenda og mikilvægt að hafa jákvætt viðhorf og opinn huga. Hugsa ætti út fyrir boxið og leyfa frumlegri hugmyndum að vaxa og dafna.

„Fyrirtæki skilji meira eftir í heimabyggð.“

4.3 STAÐSETning og samgöngur

Í allri umræðu um atvinnumál var komið inn á samgöngur. Íbúar sjá mikil tækifæri opnast með tilkomu Dýrafjarðarganga. Sagt var: „Bylting með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýjum vegi til suðursvæðis Vestfjarða“ og „frábær samvinna framundan“.

Líta megi á Þingeyri sem „Rotterdam Vestfjarða“, sem með göngunum verður nú miðsvæðis í fjórðungnum.

Komið var inn á flutningskostnað, en einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að styðja vinnu og störf sem byggja á góðu netsambandi.

4.4 MARKAÐSSETNING: MARKAÐSMÁL, MATUR ÚR HÉRAÐI

Hér komu fram fjölmargar hugmyndir um hvernig mætti, með markaðssetningu, sérstaklega á mat úr héraði, gera meira úr því sem þegar er til staðar. Og að byggja á sérstöðu og auðlindum Dýrafjarðar.

Áhersla var á fullvinnslu í fiski og kjöti, s.s.:

- Fiskur, harðfiskur, skata.
- Endurvekja sláturvinnslu á staðnum.
- Unnar vörur, t.d reykt kjöt, kjöt á grillið.
- Kjöt af svæðinu unnið og soðið (til útflutnings?).
- Fiskeldi + fullunnar vörur.
- Einnig mætti markaðssetja unnar vörur úr náttúrunni (rabarbari, njóli, o.s.frv.).

Rætt var um Asíumarkað; Hong Kong, Kína, Kóreu og Japan. Þar væri eftirspurn eftir tilbúnum réttum, t.d. úr lambakjöti, m.a. pylsum. Huga mætti að barnvænum réttum þar sem áhersla væri lögð á heilsu.

Veitingastaðir gætu verið með heimaunna vöru, mat úr héraði, sögðu þátttakendur.

Stungið var upp á stofnun lítills brugghúss undir heitinu „Kaldbakur“ til að framleiða bjór tengdan svæðinu.

Þá mætti nýta vatnið, pakka því á staðnum og selja.

Þá kom fram sú hugmynd að búa til sérstakt vörumerki fyrir svæðið og nota í allri markaðssetningu.

Næstu skref

Tveir hópar af þremur, skilgreindu næstu skref, þ.e. hóparnir sem fjölluðu um fjölbreyttara atvinnulíf og markaðssetningu. Hér eru þeirra punktar teknir saman.

- Útfæra ókeypis bókhaldskostnað fyrir minni fyrirtæki til að sýna fram á að svæðið taki vel á móti frumkvöðlum.
- Greina núverandi stöðu matvælaframleiðslu á svæðinu.
- Halda námskeið í smáframleiðslu matvæla úr héraði.
- Skoða leyfismál varðandi sláturvinnslu.
- Viðskiptaáætlun fyrir sláturhús – fjármögnun.

„Bylting með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýjum vegi til suðursvæðis Vestfjarða.“

5. FÓLKIÐ OG FJÖLSKYLDURNAR

Hér er fjallað um skilaboð fjögurra hópa, þar sem umræðuefnin skarast nokkuð. Þetta eru „Fjárfest í fólki“, „Fleiri fjölskyldur á Þingeyri“, Fjölbreytni og möguleikar fyrir ungt fólk“ og „Þjónusta fyrir íbúa“.

5.1 FJÁRFEST Í FÓLKI

Þessi hópur ákvað að ræða um eflingu byggðar út frá því hvernig mætti vinna markvisst að því að „sækja“ fólk til Þingeyrar og stuðla að nýsköpun. Horfa ætti út frá nýjum mælikvörðum á árangur, ekki aðeins fjárhagslegan, heldur einnig í jákvæðni.

Atvinnutækifæri eru mikilvæg og mætti t.d. fá íbúa til að gefa störfum einkunnir. En þetta snýst ekki eingöngu um atvinnu, heldur líka afþreyingu, sögðu þátttakendur.

Hægt væri hreinlega að fara út í „hausaveiðar“ og finna fólk, sem hefði brennandi áhuga.

Hluti af jákvæðri markaðssetningu svæðisins væri gott umtal og afspurn og tala ætti meira um það sem er gott, frábært og vel gert. Einnig ættu heimamenn að vera vakandi fyrir að viðurkenna það sem vel er gert.

Fram kom hugmynd um sérstaka markaðsherferð undir yfirskriftinni „Stingum af“ og að sendiferðabíll merktur Vestfjörðum myndi sækja og flytja búslóðir.

Þegar fólk síðan sest að á staðnum skipti máli hvernig umhverfi er til staðar til að taka á móti fólki. Stungið var upp á að skipa „sendiherra“ sem hjálpi fólki að aðlagast og að styðja við maka og fjölskyldur þeirra sem flytja.

Einnig var rætt um ýmis ytri skilyrði sem gætu stuðlað að fjölgun íbúa. Hvetja ætti stjórnvöld til að veita afslátt á námslánunum. Huga mætti að

afslætti á gjöldum sveitarfélaga og stuðningi í húsnæðismálum. Fram kom hugmynd um hvort mætti taka hluta af námi á staðnum, t.d. kennarar, íþróttakennarar og fleiri.

Þá var nefnt að hvetja stjórnvöld til að skoða borgaralaun.

Næstu skref

- Merkja bílinn sem sækir búslóðirnar, markaðssetja: Beinar aðgerðir til að sækja fólk.
- Auglýsingaherferð, móttökukerfi.



5.2 FLEIRI FJÖLSKYLDUR Á ÞINGEYRI

Hér kom fram að lítil, einhæf atvinna á staðnum, sé ekki hvatning fyrir ungt fólk til að koma og setjast að. Þá elti fjölskyldur börn sín í nám og flytji þá af staðnum.

Í umræðu um „markhópa“ kom fram að mikilvægt sé að halda / rækta „æskulóðatengingu“.

Varpað var fram hugmynd um tilraunaverkefni með það að markmiði að „veiða“ fjölskyldufólk til Þingeyrar. Þetta yrði gert í samstarfi við t.d. Blábankann þar sem væri boðið upp á vinnuaðstöðu. Einnig yrði samstarf við sumarhúsaeigendur og samvinna við stjórnslu, með áherslu á sveigjanleika.



Fólki væri boðið væri upp á að koma og vinna í skemmri tíma, t.d. 6 mánuði. Samningur við eigendur sumarhúsa myndi snúast um skammtíma nýtingu, að breyta „tómu húsunum“. Þáttur sveitarfélagsins væri m.a. að bjóða upp á skammtíma vistun í leikskóla og skólasókn í grunnskóla.

Jafnframt var stungið upp á því að auka möguleika barna og unglinga á tómstundastarfi með „tómstundabíl“. Bent var á tvær fyrirmyndir, frístundabílinn í Hafnarfirði og tómstundabíl í Vesturbyggð. Þá var sagt: „Setja aftur á gjaldfrjálsan leikskóla fyrir 5 ára börn“.

Hér, líkt og í fleiri hópum var því beint til stjórnvalda að koma á skattaávilnun á jaðarsvæðum sem hvatningu fyrir fjölskyldur að flytja til Þingeyrar.

Loks rataði þetta á blað: „Stjórnsýslulög v.s. valdbeiting byggðakjarna“ en ekki er ljóst hvað átt er við. Við úrvinnslu samantektar var bent á að hér gæti verið um misritun að ræða, þannig að í stað valdbeitingar ætti að standa orðið valdefling.

Næstu skref

- Kanna stöðu stjórnvalda varðandi skattaávilnun.
- Halda fund með húsnaðiseigendum.
- Breyta reglum varðandi leikskóladvöl barna sem eru skráð með lögheimili í öðrum sveitarfélögum eða löndum.

„Prufutími til að búa hjá okkur fyrir fólk sem vill koma og vinna, t.d. 6 mánuði.“

5.3 FJÖLBREYTNÍ OG MÖGULEIKAR FYRIR UNGT FÓLK OG BÖRN

Útgangspunktur þessa hóps var spurningin um hvernig mætti auka fjölbreytni og möguleika fyrir ungt fólk og börn í því skyni að fjölga íbúum á Þingeyri og þá sérstaklega fjölskyldum.

Bent var á að skipulagt tómskundastarf getur verið forsenda þess að fólk flytji á staðinn.

Í umræðu um tómskundabíl kom m.a. fram að það mætti keyra börn frá öðrum byggðakjörnum til Þingeyrar, jafnvel einu sinni í mánuði. Þá var rætt um tónlistarskóla, félagsmiðstöð, sumarnámskeið og bíókvöld.

Varðandi íþróttastarf var talað um að laða að íþróttakennara og þjálfara og efla einstaklingsíþróttir. Einnig að bjóða upp á opna tíma í íþróttahúsi / rækt og rætt um Facebook hóp í því sambandi. Sagt var: „Það þarf alvöru íþróttafélag sem er nógu stórt til að bjóða upp á samkeppnishæfa þjónustu“. Stungið var upp á „tómskundakerfi“, þar sem hver og einn gæti vikjað sína inneign með sínu framlagi.

Loks var nefndur sá möguleika að nýta listafólk í fjölbreytta afþreyingu.

Næstu skref

- Tómsundarúta.
- Þjálfari 1-2x í mánuði.
- Æfingar 1x í mánuði á Þingeyri.



5.4 ÞJÓNUSTA FYRIR ÍBÚA

Stungið var upp á umræðu um þjónustu fyrir íbúa, að frumkvæði bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Rætt var um marga þjónustubætti, þeir vegnir og metnir og spáð í þróun og úrbætur.

Varðandi samgöngur kom fram að almenningssamgöngur þyrftu að falla saman við flugsamgöngur og jafnframt að veitt yrði leyfi til að skila fólki heim að dyrum á Þingeyri. Kallað var eftir að settar verði upp fastar verslunarferðir til Ísafjarðar, 1 – 4 sinnum í mánuði. Þetta gætu verið 5 tíma ferðir eða svo og hægt að setja skilyrði um þátttökufjölda svo ferð væri farin.

Þessu tengt var rætt um vörudreifingu eða miðlun til að bæta vöruaðgengi og stungið upp á smáforriti (appi) fyrir Þingeyringa sem gæti samstillt eftirspurn og framboð.

Fram kom að félagsstarf fyrir aldraða sé mjög gott og vel sótt. Karlar sækja það þó ekki mikið, en þeir sækja ágætlega „bankadaga“ í Blábankanum og var spurt hvort í því fælust tækifæri.

Stungið var upp á að starfsmenn bæjarins, s.s. byggingarfulltrúi veiti staðbundna þjónustu á Þingeyri með reglulegum heimsóknum. Einnig mætti auka við slíka þjónustu með Skype aðgengi.

Sagt var: „Dreifikerfi ljósleiðara um alla Þingeyri verði komið á. Gamli koparinn er sagður ónýtur hérna“.

Talsverð umræða varð um hugmynd um tilraunaverkefni um „skammtíma íbúa“ sem sagt er frá í kafla 5.2 hér á undan. Þjóða þyrfti leikskólapláss til skemmri tíma, fyrir fólk sem byggi á staðnum í nokkra mánuði, t.d. hálf ár, eða fyrir farandíbúa sem kæmu aftur og aftur.

Bent var á að ef á að niðurgreiða þessa dagvistun þá geti kostnaðurinn verið um 150 þúsund eða meira á mánuði og því þurfi ávinningurinn fyrir samfélagið / sveitarfélagið að vera fyrir hendi. Einnig þurfi að tryggja að fyrirkomulag mönnunar á leikskólanum ráði við verkefnið. Stungið var upp á þeirri leið að gera samning við viðkomandi farandíbúa, sem fælist m.a. í kröfum um lágmarksdvöl og lýsingu á tilgangi dvalar, eða einhverju slíku.

Ein af forsendum þess að laða að nýja íbúa er leiguhúsnæði. Stungið var upp á því að sveitarfélagið haldi til hliðar íbúð eða íbúðum sem eingöngu væru leigðar í skammtímaleigu, 6 – 12 mánuði. Nefnt var að „þetta mætti tengja við leikskólasamning eða hugmyndir Yatsuaki Tanago um að flytja inn íbúa með því að bjóða aðstoð / styrki“. Komið er inn á fleiri hugmyndir Tanago í kafla 8.3.

Kallað var eftir betri upplýsingum fyrir íbúa um farveg bæjarmála og að þær verði aðgengilegri. Einnig að haldnir verði íbúafundir með embættismönnum, lykilstarfsmönnum, t.d. einu sinni á ári.

Rætt var frekar um þessi tengsl milli íbúa á Þingeyri og stjórnsýslunnar á Ísafirði í tveimur öðrum hópum. Sjá nánar í kafla 10, hér á eftir.

Næstu skref

- Meta ávinning af leikskóla fyrir farandíbúa vs. kostnað.
- Meta eftirspurn eftir verslunarferðum vs. kostnað.
- Búa til app fyrir Þingeyringa til að hafa samráð um að sækja og dreifa vörum og þjónustu.
- Knýja á Ísafjarðarbæ um aukið og bætt rafrænt aðgengi að málum og erindum bæjarins.
- Setja upp fasta tíma í samráði við embættismenn / starfsfólk bæjarins.

6. LÍFIÐ EFTIR VINNU

Ýmsum voru hugleikin þau lífsgæði sem íbúar á Þingeyri njóta eftir reglubundna vinnu. Slíkum hugmyndum verða gerð skil í þessum kafla og byggja á umræðum þriggja hópa. Einn þeirra ræddi um íþróttir og útivist, annar um afþreyingu og sá þriðji um sýningarrými / gallerí.

6.1 ÍÞRÓTTIR OG ÚTIVIST

Hópurinn ræddi um mikilvægi heyingar og útivistar og kom m.a. inn á hlutverk félagasamtaka í þeim efnum.

Sagt var „hreyfing lengir lífið“ og lögð áhersla á markvissa þjálfun sem aftur byggir á því að hafa lærða þjálfara. Horft var til allra aldurshópa.

Stungið var upp á að koma upp göngustíg til útivistar og setja upp styrktartæki utanhúss. Á svæðinu sé svo margt til staðar sem mætti nýta enn betur; náttúra, aðstaða og viðburðir.

Gera mætti meira úr möguleikum við sjávarsíðuna, t.d. með fjöruferðum. Einnig að efla þátt Þingeyrar í Hlaupahátíð Vestfjarða og var í því sambandi rætt um merkingar og auglýsingar á alþjóðavísu. Fram kom ánægja með að boðið hefur verið upp á strandblak og fleira á Dýrafjarðardögum.

Fjölmargin aðrir möguleikar voru nefndir, s.s. fuglaskoðun, steinasöfnun, blómaskoðun, kajakar o.fl. tengt sjó, hjólreiðar, hestamennska og golf.

Stefnt verði að því að ljúka gerð frjálsíþróttavallar og heimamenn eiga sér draum um útipotta og vatnsrennibraut við sundlaugina.

Ómældir möguleikar eru varðandi fjallgöngur og var sérstaklega nefnt verkefnið „Fjölskyldan og fjallið“ á vegum UMFÍ og einnig talað um að safna fjöllum og þar jafnframt vísað til UMFÍ. Rætt var um að merkja gönguleiðir.

Auka mætti möguleika á gönguskiðaiðkun í heimabyggð og nýta aðstöðuna á Ísafirði mun betur. Gönguskiðin gætu boðið upp á áhugaverða tengingu

við víkingaarfleifðina og var sagt „gönguskiði að hætti víkinga“. Fleira bar á góma sem tengist víkingum, s.s. glíma, t.d. með tilvísun til Gísla Súrssonar og ferðir tengdar víkingaverkefnum.

Næstu skref

- Forgangsraða verkefnum eftir getu og fjármagni.



„Hreyfing lengir lífið.“

6.2 AFÞREYING – ÞORPIÐ OKKAR

Hópur sem ræddi um afþreyingu fór á flug um allskyns möguleika til að auðga líf íbúa og gesta.

Sundlaugin á Þingeyri er opin allt árið og á mikinn sess í lífi íbúa, bæði fyrir heilsu og félagslíf. Fram kom ósk um útipott við sundlaugina og einnig var sagt: „Styrkja Þingeyrarakademíuna í sundlauginni”.

Rætt var um að miðla upplýsingum með því að setja upp skilti. Þá var horft til möguleika á Núpi, þar sem hægt væri að bjóða upp á námskeið yfir vetrartímann og sumarparadís á sumrin.

Stungið var upp á leikjum / námskeiðum fyrir börnin sem barnapössun og þá væntanlega aðallega að sumri.

Skipuleggja mætti Krossararallý fyrir nes og lagt var til að færa og nýta gamla bensínskúrinn á golfvöllinn.

Þá var viðruð sú hugmynd að varða leið frá Dýrafjarðargöngum að Þingeyri og koma upp dýragarði og dýrahóteli.

Rætt var um að virkja það listafólk sem kemur til Þingeyrar og/eða býr á svæðinu og voru Háskólasetur Vestfjarða og Listaháskólinn nefnd sem mögulegir samstarfsaðilar.

SJÓRINN

- Æðarfuglinn – setur.
 - Fuglamerkingar fyrir fuglaskoðun.
- Kajakaleiga og/eða árabátaleiga.
- Sportveiði fyrir börn (fiskveiði).

FJÖLLIN

- Merkingar á gönguleiðum.

VETURINN

- Athuga með fjallaskiðaland.
- Ísklifur.
- Merkja gönguskíðaleiðir.

VÍKINGAR

- Víkingaafþreying fyrir börn og/eða fullorðna.
- Dýrafjörðurinn – víkingamiðja:
 - Þrautabraut í víkingastíl.
 - Vefsíða.
 - Hönnun.
 - Afþreying.
 - Víkingaleikir.
 - Námskeið.
 - Framleiða matvæli.
 - Víkinga handverk.

Næstu skref

- Styrkumsókn fyrir þrautabraut á Víkingasvæðið.
- Samtal við félag og íbúa um víkingastarfsemina.
- Vekja upp golffélagið.
- Finna pening – forgangsraða og merkja gönguleiðir.
- Skipulagning og leyfi fyrir krossarabraut (Höfrungur).
- Meta – kortleggja – skipuleggja stöðu og framlag listarinnar til samfélagsins.

6.3 SÝNINGARRÝMI FYRIR LISTAMENN; HEIMAMENN OG GESTI

Það voru bæði heimamenn og gestir sem ræddu um þessa hugmynd, en uppástungan um umræðuefnið kom frá erlendum listamönnum sem dvöldu tímabundið á Þingeyri og tóku virkan þátt í þinginu.

Þörf væri fyrir sýningarrými fyrir listafólk, bæði fólk sem býr á staðnum og þá listamenn sem koma til tímabundinnar dvalar. Um gæti verið að ræða sölusýningar þar sem 50% af söluandvirði renni til listamannsins, en hinn helmingurinn væri nýttur til að halda við rýminu eða stofna listasjóð eða eitthvað slíkt sem myndi efla listalíf við Dýrafjörð. Hugmyndin er að ekki yrðu ráðnir starfsmenn, heldur myndu listamennirnir sem væru að sýna hverju sinni, sjá um vöktun á opnunartíma og ganga frá rýminu og þrifa að sýningu lokinni.

Þarfirnar væru þessar, að mati hópsins:

- Rými eða bygging (um það bil 20m²), kannski „Gamla“ Kaupfélagið.
- Veggir.
- Upphitað rými.
- Ljós.
- Efni sem þarf til að hengja upp og sýna listaverk.
- Einhver „ábyrgðaraðili“, eða stjórn.
- Lítil vefsíða og/eða síður á samfélagsmiðlum.
- Heiti.
- Leyfi / sjálfbóðaliðar.

Næstu skref

- Leyfi.
- Sækja um menningarstyrki (ef þarf).
- Hreinsa / laga / mála rýmið.
- Finna heimamann eða skipa stjórn. Mismunandi hópar eða fólk gætu skipst á að sitja í stjórn.
- Samfélagsmiðlar.





7. FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR

Hópur sem ræddi um langtímastefnu og sjálfbærni horfði til lengri framtíðar, að því er varðar samfélag, umhverfi og efnahag. Annar hópur ræddi um umhverfismál og er hér fjallað um skilaboð hópanna tveggja.

7.1 SAMFÉLAG

Hér var slegið saman tveimur umræðuefnum sem stungið var upp á, annars vegar langtímastefnu og hins vegar sjálfbærni.

Varðandi samfélagið lagði hópurinn áherslu á að það væri fjölskyldu-, barna og umhverfisvænt. Rætt var um að lágmarksfjöldi íbúa til að tryggja góða þjónustu gæti verið í kringum 500 manns og æskilegt að aldursamsetningin væri blönduð. Skapa ætti öldruðum gott ævikvöld.

Best væri að sem flestir byggju á staðnum allt árið, en engu að síður væri áhugavert að gera tilraun með blöndun á skammtíma- og langtímabúsetu. Tenging við umheiminn væri mikilvæg og mæta þyrfti þörf fyrir menningu og listir. Byggja ætti framtíðina á góðum hlutum úr fortíðinni.

7.2 EFNAHAGUR

Hópurinn útfærði drauminn um efnahagslegar forsendur samfélagsins við Dýrafjörð þannig að á staðnum væru starfandi frekar mörg lítil fyrirtæki og eitt stórt. Almennt væru fyrirtæki í eigu heimamanna og/eða að heimamenn hefðu meiri aðkomu að rekstrinum en er í dag. Fyrirtækin sýndu samfélagslega ábyrgð, gerðu það annars vegar vegna kröfu um slíkt en einnig vegna hvatningar og að eigin frumkvæði.

„Byggja framtíðina á góðum hlutum úr fortíðinni“

7.3 UMHVERFISMÁL

Skýr umhverfisstefna, stolt yfir umhverfinu og almenn vitund og ábyrgð um umgengni og ásýnd, er það sem er mikilvægast varðandi umhverfismál, að mati hópsins sem ræddi um langtímastefnu og sjálfbærni.

Hópur sem ræddi sérstaklega um umhverfismál lagði áherslu á að stýra aðgengi í anda sjálfbærrar þróunar. Þar voru nefndir eftirtaldir staðir:

- Kaldbakur.
- Leiðin fyrir nes, Vesturgatan.
- Dynjandi.
- Dýrafjarðarbotn.
- Fjallaskagi.

Fram kom á þinginu að lengi hefði ríkt metnaður fyrir snyrtimennsku á Þingeyri og vildi hópurinn að svo yrði áfram og að „Þingeyri snyrtilegi bærinn verði áfram sérstaða Þingeyrar“.

Spurt var hvort þörf væri á að friðlýsa fleiri svæði. Einnig var rætt nokkuð um strandsvæðaskipulag, sbr. „Nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar“, sem unnið hefur verið að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga.

„Þingeyri, snyrtilegi bærinn.“

Næstu skref

- Þingeyri snyrtilegi bærinn:
 - Fráveitumál verði komin í lag fyrir 2020.
 - Nýtt gámasvæði.
 - Ganga frá námunni í Sneiðingum.
 - Meiri kynning og fræðsla um flokkun sorps, íbúar og ferðamenn.
 - Viðhald gangstétta og gatna.
 - Viðhald fasteigna bæjarins.
 - Halda ágengum plöntum í skefjum.
 - Gæta að heilbrigði strandsjávar; hreinar fjörur og passa plastið.
 - Hvetja fyrirtækin til að vera með virka umhverfisstefnu og ganga vel um svæðin sín.
 - Upplýsa íbúa um fyrirætlanir og daglegan rekstur fiskeldis og aðra nýtingu sjávar.





7.4 FRAMTÍÐARSÝN ÁRIÐ 2038 (EFTIR 20 ÁR)

Hópurinn sem ræddi um langtímastefnu og sjálfbærni lauk umræðum með því að horfa 20 ár fram í tímann, til ársins 2038. Þannig hljóðaði framtíðarsýnin:

Þingeyri er snyrtilegasti fjörðurinn á landinu. Húsin eru litrík og atvinnulífið byggir að miklu leyti á framleiðslu á matvælum. Hátækniþróun hefur skapað ný tækifæri.

Boðið er upp á heimsendingarþjónustu þannig að hægt er að fá vörur afhentar daginn eftir, af öllu landinu. Það eru engir bílar, þú leggur bílnum fyrir utan bæinn. Leikskólinn er inni í elliheimilinu og reglulega eru pop – up listasýningar.

Tveir þriðju íbúanna eru langtímaíbúar og þriðjungur eru skammtímaíbúar. En síðast en ekki síst er samfélagið þétt, eða eins og það var orðað, „ég þekki marga“.

Næstu skref

- Teikna þessa mynd upp sem leiðarljós fyrir aðra hópa / verkefni.
- Reglulegir framtíðarfundir fyrir Þingeyri.
- Samtalið við ungt fólk.

Þess má geta að í lok þingsins brugðu allir viðstaddir sér í ferðalag inn í framtíðina. Sagt er nánar frá því í kafla 11, hér á eftir.

„Samtalið við ungt fólk.“

8. FERÐAÞJÓNUSTA OG SAGA

Tveir hópar fjölluðu um ferðaþjónustu. Annar þeirra byggði á þremur málefnum sem slegið var saman í einn hóp undir yfirskriftinni, „Ferðaþjónusta, kennileiti, víkingaferðaþjónusta“. Hinn ræddi um söfn og menningartengda ferðamennsku.

8.1 FERÐAÞJÓNUSTA – ÝMSAR HUGMYNDR

Dýrafjörður á fjölmörg tækifæri á sviði ferðaþjónustu. Um langa hríð hefur verið unnið að ferðaþjónustu sem byggir á víkingaarfleifðinni og vildi hópurinn halda áfram með þá þróun.


Náttúran er sterkt aðdráttarafli og margir áhugaverðir staðir. Tveir staðir voru nefndir sérstaklega, Skráður og Vesturgatan (Svalvogshringur) og rætt um Hlaupahátíð Vestfjarða í því samhengi. Áhugi er á að þróa vetrarferðamennsku.

Rætt var um ýmsa afþreyingarmöguleika sem hægt væri að þróa, s.s. hestaferðir, hjólreiðar og sjósport. Setja mætti upp aðstöðu til fuglaskoðunar. Spennandi væri að þróa frekar gönguleiðir um Dýrfirsku alpana t.d. með göngu „passa“. Samhliða þyrfti að huga að merkingum og búa til app. Almennt var lögð áhersla á góðar merkingar.

Hópurinn kortlagði auðlindir og sérstöðu varðandi menningu og sögu og nefndi landnám, útvegssögu, verslun og þjónustu og í því sambandi sögu tengda Bretum (vélsmiðjan), Frökkum, Spánverjum og Ameríkönum.

Stungið var upp á að búa til kynningar – app fyrir Dýrafjörð og af sama meiddi voru umræður um forritun og leiki og/eða tölvuleiki.

Einnig mætti búa til vörur eða fígúrir tengdar svæðinu, sögðu þátttakendur.



8.2 VÍKINGAFERÐAÞJÓNUSTA

Miklar umræður urðu um tækifæri tengd víkingaferðaþjónustu, þar sem haldið væri áfram að þróa þann grunn sem þegar er fyrir hendi.

Rætt var um skálann og Gíslastaði, víkingasvæðið og Þinghólana, Véstein, víkingahátíð og ferðir um ýmsar söguslóðir í Dýrafirði.

Fjöl margar leiðir eru til að miðla sögunni, að mati hópsins, s.s. leiklist, tónlist og handverk. Í eldsmiðju mætti m.a. smíða vopn. Stór tækifæri gætu falist í námskeiðahaldi um menningararf tengdan víkingatímabilinu.

Huga þarf að merkingum að mati hópsins, sem taldi einnig vert að gera sérstakt lógó og kort.

Varðandi gönguleiðir var rætt um Súrnadal og samstarf, m.a. við víkingafélög.

Þess má geta að nokkru eftir íbúabíngið hélt Víkingafélagið á Þingeyri opinn fund, þar sem haldið var áfram að vinna með þessi málefni.³



³http://www.thingeyri.is/frettir/Uppbygging_vikingatengdrar_ferdathjonustu_a_Thingeyri/

Næstu skref

- Framkvæmdafund þar sem Víkingafélagið er endurvakið.
- Áætlunargerð.
- Kanna kynningarefni (Blábankinn? Verkefnastjóri? + við sjálf).
- Virkja Ferðamálastofu, Vestfjarðastofu, Markaðsstofu, ferðaskipuleggjendur, ferðaskrifstofur.
- Vefsíðugerð – samfélagsmiðlar.

8.3 KENNILEITI

Stungið hafði verið upp á umræðu um kennileiti sem er hluti af verkefni sem Japaninn Yatsuaki Tanago vann fyrir Þingeyri og styrkt var af Sóknaráætlun Vestfjarða. Hluti hugmyndarinnar snýst um að gera einstakt kennileiti úr gömlum tanki. Hann væri táknrænn m.a. fyrir samfélag sem væri að ganga í endurnýjun lífdaga og um vináttu milli Íslands og Japan.

Ekki náðist að ræða ítarlega um hugmyndina, en hana bar þó á góma í þessum hópi og fleiri hópum á þinginu, m.a. í hópi um söfn og menningartengda ferðamennsku. Því er hún nefnd hér.

„Framkvæmdafund þar sem Víkingafélagið er endurvakið.“

8.4 SÖFN OG MENNINGARTENGÐ FERÐAMENNSKA

Hópur sem ræddi um söfn og menningartengda ferðamennsku kortlagði möguleika sem felast í arfleifð og sögu.

Það er draumur heimamanna að koma upp safnahúsi, helguðu sögu Þingeyrar og horft til gamla Kaupfélagsins. Vísað var í Vélsmiðju G.J.S. sem góðrar fyrirmyndar.

Hægt væri að hafa gallerí ýmisskonar, m.a. beitningasafn og nýtt og gamalt handverk.

Rætt var um sögu húsanna, merkingar, kirkjur og bænahús og kom fram að „vísir að þessu verkefni [væri] í höndum Sólveigar Snorradóttur og Hildar Ingu Rúnarsdóttur“, en þær hafa safnað upplýsingum um gömul hús. Lagt var til að nýta möguleika til samstarfs við Minjavernd. Ýmsir fornminjastaðir voru nefndir; Þinghólar, Garðsendi og Valseyri. Einnig kom saga verslunar til umræðu s.s. Gramsverslun. Þá var rætt um kirkjugarða og grafreiti og stakar grafir.

Hægt væri að vinna með sögu tengda sveitabæjum og fiskveiðum að ógleymdu handverki og var gallerí Koltra nefnt í því sambandi.

Aðrir staðir sem voru nefndir eru Skrúður og Hlíð (séra Sigtryggs Guðlaugssonar). Þá bar sögu tengda verbúðum og útræði á góma.

Óendanlega margir möguleikar eru til að miðla sögunni, að mati þátttakenda. Taka mætti saman gamlar sögur og sagnir og þýða á erlend tungumál. Þjóða mætti upp á tónlistarviðburði í kirkjum og söfnum. Safna þyrfti örnefnasögum, ljósmyndum og hreyfimyndum.

En það er ekki bara saga hins liðna sem getur verið áhugaverð fyrir gesti, heldur mætti einnig huga að því að gefa fólki kost á að upplifa samtímamenningu og atvinnuhætti.

Þátttakendur lögðu áherslu á að standa vörð um Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og að safnið megi „...ekki týnast með tilkomu gangnanna“. Þá var minnst á hljóðfærasafn Jóns Sigurðssonar.

Auk sögu og menningar, var komið inn á tækifæri tengd fjallgöngum. Þar var sérstaklega rætt um Kaldbak, hæsta fjall Vestfjarða, fjallahringinn og gestabók á Sandafelli.

Lögð var áhersla á að „allar merkingar eru mjög mikilvægar í ofanrituðu“.

Næstu skref

- Vinna markvisst að safnahúsi í samvinnu við Minjavernd.
- Safna upplýsingum – forgangsraða – samræma aðgerðir (merkingar, útlit, gerð o.s.frv.).





9. HÚSNÆÐISMÁL

Komið var víða við í umræðu um húsnæðismál. Þátttakendur áttu sér þá von að hægt væri að nýta húsnæði þar sem ekki er föst búseta, fyrir fólk sem vill vera og starfa tímabundið á staðnum.

Byrja þyrfti á að kortleggja hvaða nýtanlegt húsnæði er ekki verið að nýta í dag. Sagt var „kveikjum ljósin“. Einnig var varpað fram hugmynd um stofnun samtaka sumarhúsaeygenda. Þá var rætt um þann möguleika að nýta þjónustuhús á tjaldsvæði yfir vetrartímamann (smáhýsi).

Rætt var um að kanna áhuga eldra fólks á „hýsingu“ og þá væntanlega átt við hvort auðvelda mætti þeim hópi að minnka við sig húsnæði.

Stungið var upp á því að „samfélagið eigi hótél“.

Einnig var rætt um þann möguleika að fara út í varmaskipti fyrir allt þorpið og komið var inn á leyfismál (brunaeftirlit og fleira).

Næstu skref

- Stofna félag sumarhúsaeygenda.
- Smáhýsabyggð.
- Kanna hagkvæmni á sameiginlegri varmaskiptingu fyrir allt þorpið.

„Kveikjum ljósin.“

10. SAMBAND VIÐ STJÓRNSÝSLUNA

Samband íbúa á Þingeyri við Ísafjarðarbæ var rætt í tveimur hópum. Annars vegar „Staðbundin stjórnun“ og hins vegar „Bæjarmálin“. Í báðum hópum kom fram áhugi á að auka samtalið og bæta tengslin þarna á milli.

10.1 STAÐBUNDIN STJÓRNUN

Þessi hópur velti fyrir sér hvernig mætti auka sjálfræði og valdeflingu jaðarsvæða, líkt og Þingeyri er, sem hluti af fjölkjarna sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ.

Rætt var um þann möguleika að Þingeyri ætti fulltrúa í bæjarstjórn. Þar kom fram að ef sá fulltrúi ætti að vera kjörinn, kalli það á breytingu á lögum, en ekki ef um áheyrnarfulltrúa væri að ræða. Í þessu samhengi var stungið upp á fjölgun bæjarfulltrúa. Þá horfa heimamenn til Blábankans sem mögulega geti „brúað bilið“.

Einnig kom fram sú hugmynd að „bæjarstjón haldi opinn bæjarstjórnarfund á Þingeyri“.

Loks var kallað eftir opinni stjórnsýslu.

Næstu skref

- Tengja Blábankann betur við stjórnsýsluna.
- Tilraunasvæði (Arnar Sigurðsson, hjá Blábankanum útskýrir).
- Afla þekkingar um sambærileg svæði erlendis – hvað hefur verið gert á jaðarsvæðum.

10.2 BÆJARMÁLIN

Hér var einnig kallað eftir auknum tengslum og að það gildi í báðar áttir, eða eins og sagt var „vantar tengsl bæjarstjórnar við íbúa og öfugt“.

Stungið var upp á að einn starfsmaður hjá sveitarfélaginu sæi um hvert þorp fyrir sig. Einnig að á vefsíðu bæjarins væri sér svæði fyrir hver íbúasamtök, þar sem fundargerðir um málefni hvers þorps væru aðgengilegar. Hópurinn ræddi jafnframt um ýmsar framkvæmdir sem snúa að sveitarfélaginu og þar rötuðu þessi atriði á blað:

- Færsla á gamla Kaupfélagshúsinu og frekari úrvinnsla þar, t.d. wc og safn.
- Gangstéttir við Vallargötu.
- Smábátabyggja.
- Loka af tjaldsvæði t.d. með gróðri.
- Gönguleiðir til og frá tjaldsvæði og sundlaug.
- Merkingar á áhugaverðum stöðum t.d. við Vegamót.
- Upplýsingaskilti frá öllum byggðakjörnum.
- Upplýsingaapp.

Loks ræddi hópurinn málin út frá þeim raunveruleika að fólk þarf að gefa kost á sér til starfa í sveitarstjórnunum. Eða eins og það var orðað: „Hvernig fáum við fólk að bæjarmálunum?“.

Næstu skref

- Viljum að bæjarstjórn og íbúasamtök fjalli um þessi mál og kalli eftir fólki til aðstoðar eftir þörfum.

11. SAMEIGINLEG FRAMTÍÐARSÝN– 2028

Undir lok þingsins var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina, til að horfa á lífið og stöðuna á Þingeyri og við Dýrafjörð eftir 10 ár, árið 2028. Hér er gerð tilraun til að steypa öllum hugmyndunum saman í eina mynd.

Draga mætti framtíðarsýnina saman með þessum orðum tveggja af þátttakendum: „Þingeyri er eftirsóknarverður staður til að búa á, með næga vinnu og fjölbreytt menningarlíf. Staður sem gott og gaman er að sækja heim. Hér er fullt af húsum, litlum, stórum og ofboðslega snyrtilegum. Einhverveginn nálægðin við hvert annað, stutt milli húsa – stutt milli manna. Mikill friður, þó fullt að gera. Greinileg samvinna og samhugur. Öll hjól smurð. Fegurð – ást – framgangur“.

Einnig: „Hér er framsýnt samfélag, sem vinnur markvisst með eigin viðhorf og ræktar með sér sveigjanleika og opinn huga“.



FLEIRI ÍBÚAR OG MIKIÐ AF BÖRNUM

Flestir eiga sér þann draum að íbúum Þingeyrar fjölgi og var nefndur fjöldi á bilinu 450 – 600 manns, oftast talan 500.

Dýrafjörður og Þingeyri hefur breyst mikið á þessum árum . Mikil fólksfjölgun hefur orðið, ef til vill eru komin fleiri hús og jafnvel nær byggðin inn á Skeið. Hér er fleira fólk og meira líf og búið í öllum húsum, allt árið um kring. Það er kveikt í öllum húsum.

Margar barnafjölskyldur búa hér, enda barn- og fjölskylduvænt umhverfi. Leikskólinn er iðandi af börnum og mörg grunnskólabörn. Í skólunum er öflugt starf og þar eru börn allsstaðar að. Það eru margir krakkar úti að leika sér og í fjörunni má sjá börn að leik.

„Ég sé fólk sem ég þekkti sem börn, með sín börn. Einnig fólk sem ég þekki ekki en virðist heimafolk.“

Ekki sáu allir bjartar myndir, eins og þessi þátttakandi: „Tóma þoku yfir öllu landi og láði. Gamalt fólk um allt“. Og annar sá fyrir sér að búið væri að stækka kirkjugarðinn.

En kannski er fjölgun íbúa ekki forsenda heillavænlegrar framtíðar, eins og einhver sagði: „Þorpið hefur ekki stækkað að neinu marki. En það er samt iðandi mannlíf og virðist nóg að gera“.

NÓG AÐ STARFA

Atvinnulíf er fjölbreytt og allir geta fengið vinnu við hæfi. Búið er að stofna mörg smærri fyrirtæki, sem byggja á sköpun, krafti og hugmyndaauði. Það er ekki síst ungt fólk sem hefur verið leiðandi í þeirri þróun. Brasilísk kona rekur fyrirtæki sitt í Sao Paulo í fjarvinnu í Blábankanum.

Atvinna er mikil af ferðamennsku en ennþá lifa samt nokkuð margir af fiskveiðum og vinnslu. Grænmetisrækt er orðinn umfangsmikill atvinnuvegur.

Uppgangur er í fiskeldi. Það er mikil umferð á hafnarsvæðinu og fjöldi báta á firðinum og í höfn, jafnvel seglbátar og skemmtiskip. Smábátaútgerð er öflug og hafin er skelræktun.

Sjá má bæði þjónustubáta frá fiskeldinu og fiskibáta. Fiskvinnsla er í fullum gangi og í frystihúsinu er meðal annars verið að fullvinna laxinn úr eldiskvíunum.

Á Þingeyri er opinber þjónustumiðstöð.

En lífið er ekki bara vinna, eins og einhver sagði:

„Á firðinum voru mikil fiskeldisker en tilveran snerist ekki um þau heldur um ánægjuna af fallegu og fjölbreyttu samfélagi.“

Og þessi mynd birtist líka einum þátttakanda:

„Yngra fólk sést víða og er að sinna sínum smáfyrirtækjum sem hafa skotið upp kollinum ótrúlega víða í litla þorpinu. Þetta eru fyrirtæki í ferðaþjónustu, tölvu- og hátæknigeira. Enn er þó unninn fiskur á staðnum og hefur sú vinnsla styrkst nokkuð á síðustu 10 árum. Það er aðallega að þakka frjálsum strandveiðum. Þorpið er í uppgangi.“

AÐ LIFA OG NJÓTA

Á Þingeyri og í nágrenni geta íbúar og gestir svo sannarlega notið lífsins, bæði vegna eigin frumkvæðis og vegna afþreyingar sem stendur til boða.

Í gegnum þorpið liggur göngugata og samfélagsmiðstöð er kjarni þorpsins. Hér er flóra nokkurra lítilla fjölþjóðlegra veitingastaða, listagallerí og fleiri menningartengd söfn. Fólk er mikið úti, að lifa og njóta sín, t.d. hlaupa, ganga, stunda hugleiðslu og fleira.

Margir njóta þess að vera í þessari útvistarparadís, á Þingeyri og í Vestfirsku ölpunum og fólk gengur, hjólar, hleypur og stundar jóga og skíðaíþróttir – allt með tengingu við náttúru. Komnar eru hjólaleiðir fyrir Svalvoga – styttri og lengri.

Sagt var: „Fjöldinn var mikill og bæði íbúar og aðkomufólk. Allsstaðar var fólk að sjá sem hafði gaman af að vera til“.

Ef til vill eru færri bílar og meira um rafmagnshjól sem samgöngutæki. Leiklist er í miklum blóma og íþróttalíf mikið. Þingeyri getur kallast „heilsuþær“.

Læknir og/eða hjúkrunarfræðingur býr og starfar hér og komin er stærri verslun eða sjoppa.

Svona var ein framtíðarmyndin: „Hópur er að fara á kajak að veiða svartfugl og elda saman í kvöld. Námskeið Víkingafélagsins er uppselt, fimmta skipti í röð. Eldsmiðja, handverk, sölu. Listamenn dvelja í tvo mánuði og sýna verk sín“.

Sundlaugin gegnir enn lykilhlutverki fyrir íbúa og „það er kominn heitur útipottur við sundlauginna þar sem fólk lýkur deginum í afslöppun og er sátt við sitt dagsverk.“

FJÖLBREYTT MANNLÍF OG GOTT SAMFÉLAG

Á Þingeyri er fjölbreytt mannlíf og íbúar líta á það sem sitt sameiginlega verkefni að hlúa að fólki og samfélagi, umfram allt annað. Heimafólk spjallar við gesti og vinnur með þeim að verkefnum.

Það ríkir samstaða og fólk nýtur samverunnar hvert við annað, uppi í fjöllum, úti á götu og inni í samfélagshúsi. Það er mannlíf á götunum og allir aldurshópar eru sýnilegir. Fólk er gangandi, sumir á leið úr og í vinnu. Fólk heilsast og spjallar og er vingjarnlegt. Það er líf og fjör á miðplássinu. Sól skín í heiði og það er bjart yfir, ríkir jákvæðni og gleði, sáttn og samlyndi, ekkert stress og enginn er einmana.

Hér er gróandi þjóðlíf. Börn fylla leikvanginn við grunnskólann og á íþróttavellinum er verið að undirbúa setningu Héraðsmóts í frjálsum íþróttum. Þorpið er blómlegt, hér er brumandi líf og glæsilegt Félagshéimili, innan sem utan.

Lögð er áhersla á að sameina gamla og nýja tímann. Þannig eru gamlar hefðir nýttar en nútíminn hjálpar til. Þetta birtist t.d. í því að sýndarveruleiki er nýttur og boðið upp á samskonar upplifun á staðnum. Verið er að nýta tækifæri til vaxtar með stuðningi við unga fólkið og samvinna reynslu og þekkingu þeirra eldri.

Fólk nýtur lífsins á bæjarhátíð og einu sinni í mánuði breytist Þingeyri í t.d. víkingaþorp, sjávarþorp eða tækniþorp.

Og eins og það var orðað: „Hér er iðandi mannlíf með virkri þátttöku allra. Allir eiga hlutverk! Ró og yfirvegum, hér höfum við allt sem til þarf. Líf er gott í Haukadal.“

MIÐPUNKTUR VESTFJARÐA

Staða Þingeyrar sem miðpunkts Vestfjarða hefur styrkst til muna með tilkomu Dýrafjarðarganga. Sjá má flugvél á Þingeyrarflugvelli. Eða að fundið hefur verið varanlegt flugvallarstæði í Dýrafirði eða í næstu fjörðum, ef til vill á Sveinseyri. Þetta er útflutningsflugvöllur og hefur nú verið í notkun í 5 ár. Það stendur flugvél á vellinum og fólk á leið upp í flugrútuna.

Almenningssamgöngur eru góðar og skutl með fólk og vörur. Góðar samgöngur hafa stutt við vöxt í ferðaþjónustu.

Á Þingeyri er vísir að samgöngu- / ferðaþjónustumiðstöð fyrir Vestfirði.

Ekkert er þó öruggt og eins og einhver sagði: „Blómlegt byggðarlag, hjarta Vestfjarða ef atvinnuástandið lagast. Ef það gerist ekki verður hér sumarhúsabyggð og nokkur gamalmenni á röltinu“.

FALLEGT UMHVERFI OG ÁSÝND

Þingeyri er snyrtilegur og litríkur bær og fagurt umhverfið hlúir að iðandi og brosandir mannlífi. Húsin eru vel hirt og máluð og garðarnir í kringum þau snyrtilegir. Skógrækt er á mörgum stöðum, listaverk um bæinn og götur eru malbikaðar.

Komin eru sterk kennileiti í bæinn og nágrenni sem bera merki um blómlegt menningarlíf og samfélag. Ímyndartákn og texti blasir við við bæjarmörkin, ef til vill „Tankurinn“.

Þingeyri er fyrirmyndarbær um sjálfbærni, með áherslu á enga sóun og enga mengun. Umhverfisstefna Þingeyrar var samþykkt í bæjarstjórn árið 2024 og er unnið eftir henni.

Þessi áhersla á umhverfismál hefur skilað því að Þingeyri var valinn sem snyrtilegasti bær landsins.

12. AÐ LOKUM

Með íbúabpinginu hófst verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar og fer þar með inn í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir. Í verkefnislýsingu þess, hefur verið skilgreint loforð gagnvart íbúum, sem hljóðar svo:

„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.

Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“⁴

Verkefnið mun hér, líkt og annars staðar, snúast um samstarf, þar sem lykilaðilar taka höndum saman til að efla byggð við Dýrafjörð. Ákvarðanir stjórnvalda skipta miklu og má í því sambandi nefna að einn af þingmönnum Norðvesturkjördæmis, Lilja Rafney Magnúsdóttir, kom í lok þingsins til að heyra sjónarmið heimamanna.

Þegar horft er yfir skilaboð allra hópa, sem störfuðu þá tvo daga sem þingið stóð, má orða það svo að sóknarfærin felst annars vegar í því að byggja á hinu rótgróna en jafnframt að vera opin fyrir nýjum og róttækum hugmyndum.

Nú munu verkefnisstjórn og verkefnisstjóri gegna mikilvægu hlutverki við að leiða verkefnið áfram, en jafnframt verða haldnir íbúafundir reglulega. Því þegar upp er staðið verður það frumkvæði heimamanna sem mun ráða mestu um hvernig tekst að efla byggð, svo öll vötn megi falla til Dýrafjarðar, í víðasta skilningi.



⁴https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf, bls. 8